

Málþing um nýja sjónvarpstilskipun ESB

Þann 10. apríl síðastliðinn stóð [menntamálaráðuneyti](#) fyrir málþingi í Þjóðminjasafni til að kynna nýja sjónvarpstilskipun sem innleiða þarf í íslensk lög fyrir lok árs 2009. Tilskipunin um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu nr. 2007/65/EBE er í raun breyting á eldri tilskipun um sjónvarp án landmæra en útvarpslög nr. 53/2000 byggja á þeirri tilskipun.

[Menntamálaráðherra](#) opnaði málþingið og sagði stuttlega frá helstu þáttum tilskipunarinnar. Hún hvatti jafnframt til þess að hagsmunaaðilar og almenningur kynni sér nýju tilskipunina og vill fá umræðu um efni hennar. Þá fór Oliver Schenk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vel yfir alla þætti tilskipunarinnar. Hún felur í sér breytta hugtakanotkun þar sem hugtök eins og sjónvarp og sjónvarpsstöð víkja fyrir hugtakinu hljóð- og myndmiðlunarþjónusta. Þá mun nýja tilskipunin ná yfir bæði þá dagskrá sem sjónvarpsstöðvar eru með í dag auk þöntunarþjónustu á kvikmyndum og þáttum sem notendur geta sótt sér sjálfir.

Auglýsingareglur verða rýmkaðar í nýju tilskipuninni en eins og áður má heildarmagn auglýsinga ekki fara yfir 20% af útsendingartíma á klukkustund. Opnað er fyrir vöruinnsetningu í tilskipuninni en vöruinnsetning telst það þegar vara eða þjónusta er notuð í þáttum eða kvikmyndum, eins konar óbein auglýsing. Ef aðildalönd ákveða að leyfa vöruinnsetningu þarf að fylgja ströngum kröfum. Vöruinnsetning verður ekki leyfð í barnaefni og fréttum og ávallt þarf að koma tilkynning í upphafi og lok þáttar að um vöruinnsetningu sé að ræða. Oliver Schenk sagði einnig frá því að

samkvæmt tilskipuninni eiga yfirvöld að hvetja til þess að aðilar á markaði setji sér reglur um að takmarka auglýsingar um óhollt fæði fyrir börn.

Karl Axelsson, hrl og dósent við lagadeild Háskóla Íslands fór í erindi sínu yfir sögu fjölmiðlalöggjafara á Íslandi og benti á að hin síðari ár hefði útvarpslögum aðeins verið breytt þegar innleiða þarf nýjar tilskipanir frá ESB. Hann sagði frá því að vinna væri að fara í gang og búast mætti við nýju frumvarpi til útvarpslaga í haust.

Þá fjallaði Elfa Ýr Gylfadóttir, deildarstjóri fjölmiðladeildar í ráðuneytinu um tvær kannanir sem Capacent gerði á auglýsingum í kringum barnatíma og viðhorf almennings til auglýsinga og vöruinnsetningar. Að lokum fjallaði Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna um verkefni sem hún ásamt talsmanni neytenda hafa verið að vinna um að takmarka markaðssókn gagnvart börnum.

Að lokum var pallborð undir stjórn Benedikts Bogasonar, formanns útvarpsréttarnefndar þar sem tilskipunin var rædd. Í pallborði voru Ari Edwald, forstjóri 365, Páll Magnússon, útvarpsstjóri, Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, Elfa Ýr Gylfadóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti og Elva Björk Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Blaðamannafélagi Íslands og blaðamaður á Morgunblaðinu.

Upplýsingar um málþingið ásamt erindum ræðumanna eru aðgengilegar á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Njálssaga gefin grunnskólum

Með stuðningi [Minningarsjóðs Margrétar Björgólfsdóttur](#) og [menntamálaráðuneytis](#) verður mynddiskur með Njálssögu gefinn bókasöfnum allra grunnskóla á Íslandi.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tekur við fyrsta diskunum úr hendi leikstjórans Björns B Björnssonar

Njálssaga er leikin mynd um hluta Brennu-Njálssögu og segir frá viðskiptum Gunnars á Hlíðarenda við þá félagi Otkel og Skammkel. Með helstu hlutverk fara Hilmir Snær Guðnason, Helgi Björnsson, Ingvar E Sigurðsson, Margrét Vilhjálmsdóttir og Benedikt Erlingsson. Handritið gerði Hrefna Haraldsdóttir, leikstjóri er Björn B Björnsson og framleiðandi Þorgeir Gunnarsson.

Í seinni hluta myndarinnar er talað við leika og læra sem draga fram sitthvað athyglisvert um þennan hluta sögunnar. Rætt er við Arthúr Björgvin Bollason, Ármann Jakobsson, Bjarka Bjarnason, Bjarna Ólafsson, Hlín Agnarsdóttir, Jón Böðvarsson, Jón Karl Helgason, Katrínu Jakobsdóttur, Kristján Jóhann Jónsson, Kristrínu Heimisdóttur, Pétur Gunnarsson, Ragnhildi Richter og Sigurð Lindal.

Njálssaga fékk Edduverðlaunin árið 2004 sem leikið sjónvarpsefnis ársins.

Úthlutun verkefnastyrkja Menningarráðs Suðurnesja

[Menningarráð Suðurnesja](#) úthlutaði föstudaginn 11. apríl síðastliðinn styrkjum til 39 menningarverkefna á Suðurnesjum að upphæð 17 milljónir króna. Úthlutunin fór fram við hátíðlega athöfn í Duushúsum í Reykjanesbæ að viðstöddu fjölmenni. Þetta er fyrsta úthlutun á styrkjum samkvæmt [samstarfssamningi](#) milli menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sveitarfélaga á Suðurnesjum. Hæstu styrkir námu einni milljón króna en þeir lægstu 100 þúsund krónum. Alls bárust menningarráðinu á Suðurnesjum 57 styrkumsóknir. Eftirtalin verkefni fengu eina milljón króna: *Sagan sögð* - margmiðlunarverkefni [Menningarsætursins að Útskálum](#), *Séra Oddur* - verkefni grindvíska atvinnuleikhússins og *Vikingaheimar* - sýning um siglingar víkinga o.fl.

Af umsóknum og úthlutunum má sjá að menningarstarf á Suðurnesjum er blómlegt og víða að finna öfluga nýsköpun, hvort heldur er á sviði lista eða menningartengdrar ferðaþjónustu.



Styrkhafar Menningarráðs Suðurnesja
Mynd: Ellert Grétarsson

Úthlutun verkefnastyrkja Menningarráðs Eyþings

[Menningarráð Eyþings](#) hefur úthlutað rúmlega 20 milljónum til margvíslegra menningarverkefna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Þetta er önnur úthlutun ráðsins samkvæmt [samstarfssamningi](#) milli menntamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Eyþings og fór athöfnin fram í Tónlistarhúsinu Laugarbó að viðstöddu fjölmenni. Alls bárust ráðinu 75 umsóknir um rúmar 60 milljónir. 49 verkefni hlutu styrk að upphæð rúmar 20 milljónir króna. Að þessu sinni

féll hæsti styrkur ráðsins í skaut tónlistarhátíðarinnar [Akureyri International Music Festival](#) (AIM). Að hátíðinni stendur áhugahópur um fjölbreyttan og lifandi tónlistarflutning.

Menningarráð Eyþings vonar að styrkir þessir verði menningar- og listalífi á svæðinu hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Vorboðinn ljúfi

Nemendur 3. bekkjar [Kvennaskólans í Reykjavík](#) heimsóttu [menntamálaráðuneyti](#) föstudaginn 11. apríl og skemmtu starfsfólki með söng og dansi. Sú hefð að heimsækja ráðuneytið á peysufatadegi skapaðist þegar nemendur heimsóttu fyrrum skólameistara sinn, Aðalstein Eiríksson, sem hafði fært sig um set og hafði störf í ráðuneytinu árið 1999. Heimsóknin hefur fest sig í sessi sem velkominn vorboði í ráðuneytinu.



Aðalsteinn Eiríksson færir Kvennaskólameyjum nellikur í barminn

Aðalnámskrá framhaldsskóla Fataiðngreinar

Drög að nýrri námskrá í fataiðngreinum verða til kynningar á [vef menntamálaráðuneytis](#) til 6. maí 2008. Á þeim tíma gefst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um námskrána í heild eða einstaka þætti hennar til menntamálaráðuneytis, Sölvhólsstöðu 4, 50 Reykjavík.

Einnig er hægt að senda athugasemdir á netfangið namskra@mrn.stjr.is.

